

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kennitala: 4201693889

Reykjavík, 16. febrúar 2024
Málsnúmer: 20240202785

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ - þskj. 1009 – 675. mál.

Ríkisskattstjóri hefur hinn 9. febrúar sl. móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda og ábendinga við ákvæði einstakra greina frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

I. Um 3. gr. frumvarpsins

Í 2. tölul. ákvæðisins er sett fram skilgreining á því hvað teljist vera föst starfsstöð. Ríkisskattstjóri telur að skýrara væri að umorða þá skilgreiningu með eftirfarandi hætti:

Föst starfsstöð: Föst atvinnustöð þar sem tekjuaflandi starfsemi aðila fer að nokkru eða öllu leyti fram.

Ríkisskattstjóri telur að það færi betur á því að í orðskýringum kæmi einnig fram skilgreining á því hvað telst vera *launamaður* í skilningi frumvarpsins og það sama á við um skilgreiningu á því hvað telst vera *rekstraraðili*. Í þessu sambandi má benda á þær skilgreiningar sem voru í lögum um rekstrarstyrki vegna heimsfaraldurs COVID-19.

Þá vekur ríkisskattstjóri athygli á því að óljóst er hvort frádráttur við ákvörðun rekstrarkostnaðar í skilningi 3. tölul. ákvæðisins sé vegna heildarlaunakostnaðar viðkomandi rekstraraðila eða takmarkist við hámark launagreiðslna samkvæmt lögum nr. 87/2023, þ.e. 633.000 kr. að viðbættu mótframlagi í lífeyrissjóð.

II. Um 4. gr. frumvarpsins

Ríkisskattstjóri bendir að æskilegt gæti talist að setja inn ákvæði um að rekstrarstuðningur samkvæmt frumvarpinu teljist ekki með rekstrartekjum við ákvörðun á tekjufalli. Slík ákvæði voru í lögum um ýmsa rekstrarstyrki vegna heimsfaraldurs COVID-19. Sama gildir um stuðning vegna launagreiðslna samkvæmt lögum nr. 87/2023. Gott væri að tekin yrðu af öll tvímæli um þetta hvoru tveggja, enda geta þessi atriði haft umtalsverð áhrif á skilyrði fyrir rekstrarstuðningi samkvæmt frumvarpinu.

Þetta mætti gera með því að bæta við 2. tölul. 4. gr. eftirfarandi málslið:

Hafi rekstraraðila verið ákvarðaður rekstrarstuðningur og/eða stuðningur til greiðslu á launakostnaði í þeim almanaksmánuði sem umsókn varðar skal hann ekki talinn til tekna í þeim mánuði við útreikning á tekjufalli samkvæmt þessu ákvæði.

III. Um 5. gr. frumvarpsins

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um fjárhæð rekstrarstuðnings. Ríkisskattstjóri bendir á að eðlilegt gæti talist að takmarka fjölda stöðugilda til útreiknings á rekstrarstuðningi við fjölda þeirra í nóvember sl. Þá veur ríkisskattstjóri athygli á því að eins og ákvæðið liggur fyrir þá getur rekstrarstuðningur orðið hærri en tekjufalli viðkomandi rekstraraðila nemur. Bent er á að tekin var afstaða til slíkra tilvika í löggjöf um COVID-rekstrarstyrki og komið í veg fyrir slíkt með takmörkunum.

Standi vilji til að gera breytingar á frumvarpinu að þessu leyti þá mætti umorða 5. gr. í þessa veru:

5. gr.

Fjárhæð rekstrarstuðnings.

Rekstrarstuðningur vegna hvers almanaksmánaðar jafngildir hverri eftirtalinna fjárhæða sem er lægri:

- 1. Rekstrarkostnaði umsækjanda þann almanaksmánuð sem umsókn varðar.*
- 2. Rekstrarstuðningur getur aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur tekjufalli rekstraraðila skv. 2. tölul. 4. gr. í viðkomandi almanaksmánuði.*
- 3. Margfeldi eftirfarandi stærða:*
 - a. 600 þús. kr.*
 - b. Fjöldi stöðugilda hjá umsækjanda í þeim almanaksmánuði sem umsókn varðar, þó að hámarki tíu stöðugildi.*
 - c. Tekjufall skv. 2. tölul. 4. gr.*

Rekstrarstuðningur telst til skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt.

IV. Um aðrar greinar frumvarpsins

Ríkisskattstjóri leggur til að orðalagi eftirfarandi ákvæða verði breytt í þá veru að þegar fjallað er um ákvarðanir þá sé þar vísað til embættismannsins sem er bær til þess að taka þær, og sem fer með skattframkvæmd lögum samkvæmt, sbr. m.a. lög nr. 90/2003, um tekjuskatt:

2. másl. 6. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

Umsókn skal vera á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og henni skulu fylgja þau gögn sem áskilið er.

1. mgr. 7. gr. verði svohljóðandi:

Afgreiðsla umsókna skal fara fram svo fljótt sem verða má og ekki síðar en tveimur mánuðum eftir að fullnægjandi umsókn berst Skattinum.

Eftirfarandi breytingar verði á 2.-4. mgr. 7. gr.:

Í stað „Skatturinn“ og „Skattsins“ komi „ríkisskattstjóri“ og „ríkisskattstjóra“.

Eftirfarandi breyting verði á 1. másl. 8. gr.:
Í stað „Skattsins“ komi „ríkisskattstjóra“.

Eftirfarandi breyting verði á 3. og 4. mgr. 9. gr.:
Í stað „Skattsins“ komi „ríkisskattstjóra“.

Að lokum leyfir ríkisskattstjóri sér að benda á að frumvarp þetta kallar á umtalsverða vinnu hjá Skattinum. Í því skyni að umsóknarform um rekstrarstuðning verði tilbúið og unnt að hefja afgreiðslu umsókna sem allra fyrst, þá er gert ráð fyrir að umsóknarformið verði pdf-form á vef Skattsins. Þó að ákjósanlegast væri að unnt yrði að útbúa rafrænt umsóknarkerfi fyrir þetta ferli, þá reynist það ekki unnt í þessu tilvik, á sama tíma og framtalsskil einstaklinga standa yfir og framkvæmd hins nýja kílómetragjalds, sbr. lög nr. 101/2023, er nýhafin.

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson